

7. fundur stjórnar fiskeldissjóðs,

10. júní 2021,

kl. 10:00

**Fundarstaður:** Í húsnæði atvinnuvega-og nýsköpunarráðuneytisins

**Fundarmenn:** Haraldur, Álfheiður, Kjartan, Kolbeinn, Hallveig

**Fundartími:** 10:00-12:00

Megin efni fundarins var vinna við frágang starfsreglna, úthlutunarreglna og sameiginlegs skjals til að yfirlara umsóknir (matrix-a í excel).

Eins var rætt um megin áherslur sjóðsins við styrkveitingu, þ.e. hvaða atriði stjórn sjóðsins ætti að leggja áherslu á, sbr. markmið sjóðsins.

Framsetning umsókna og krafa um kostnaðar- og framkvæmdaáætlun var rædd. Stjórn sjóðsins ákvað að gera verði kröfu til umsækjenda um að kostnaðar- og framkvæmdaráætlun sé skýr og raunhæf til þess að umsókn verði tekin sem gild.

Stjórn sjóðsins ræddi efni auglýsingarinnar og umsóknareyðublaðs og var ákveðið að Hallveig mundi gera drög að auglýsingu og umsóknareyðublaði fyrir næsta fund. Þá hafði Ásta Sigrún upplýsingafulltrúi ráðuneytisins útbúið skuggaheimasíðu fyrir Fiskeldissjóðinn innan vefsþæðis stjórnarráðsins.

Næsti fundur boðaður 21. júní og stefnt að því að kynna stöðuna fyrir Sambandi ísl. sveitarfélaga fyrir þann fund.

Fundi lokið kl. 12:00

Fundargerð ritaði Kolbeinn Árnason.